


Deloitte.



Fjármálastjórakönnun
Deloitte


Haust 2021

Formáli


Fjármálastjórakönnun Deloitte er gerð tvisvar á ári og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfi. Þetta er í sextánda sinn sem könnunin er framkvæmd hér á landi og hún er nú í áttunda sinn unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte í Evrópu. Niðurstöður endurspeglar því skoðanir fjármálastjóra á Íslandi í samanburði við fjármálastjóra í 16 löndum í Evrópu, þar sem við á. Meðaltal niðurstaðna í Evrópu er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.

Rafrænn spurningalisti var sendur til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins í september síðastliðnum og viljum við þakka þeim sem tóku þátt kærlega fyrir.

Smelltu á myndirnar til þess að fara á milli kafla í skýrslunni



-  Þátttakendur
-  Samantekt
-  Niðurstöður
-  Tengiliðir



Athuga skal að þar sem ekki eru notaðir aukastafir í gröfum er samtala ekki alltaf 100%.



Pátttakendur



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Pátttakendur

Um 1.330 fjármálastjórar í 17 löndum

Könnunin er unnin í samstarfi við önnur aðildarfélög Deloitte í Evrópu. Niðurstöður endurspeglar þannig viðhorf um 1.330 fjármálastjóra í 17 löndum þar sem við á. Meðaltal niðurstaðna í Evrópu er vegið eftir landsframleiðslu hvers lands.

Landfræðileg útbreiðsla

 Austurríki	 Holland	 Rússland
 Belarús (Hvíta-Rússland)	 Ísland	 Spánn
 Bretland	 Ítalía	 Sviss
 Danmörk	 Lúxemborg	 Svíþjóð
 Finnland	 Noregur	 Þýskaland
 Grikkland	 Portúgal	

Tímabil könnunar



6. – 28. september 2021

Fjöldi fjármálastjóra



1.330



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður




Tengiliðir




Pátttakendur

Mengi pátttakenda á Íslandi

Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?




Hvaða flokkur lýsir best eignarhaldi fyrirtækis þíns?



*Að fjölskyldufyrirtækjum undanskildum

Hver var velta fyrirtækis þíns á síðasta ári?



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Samantekt



Páttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Samantekt

Bjartsýni íslenskra fjármálastjóra í hæstu hæðum

Væntingar til reksturs

- Fleiri fjármálastjórar í Evrópu búast við aukningu frekar en samdrætti á næstu 12 mánuðum í tekjum, EBITDA, fjárfestingum og ráðningum nýrra starfsmanna og er nettó viðhorf þannig jákvætt fyrir allar þessar lykilstærðir. Nettó viðhorf hefur aukist frá því síðasta vor gagnvart þróun tekna, fjárfestinga og ráðninga en dregist saman gagnvart þróun EBITDA.
- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun þessara lykilstærða á næstu 12 mánuðum er mjög sambærilegt og meðaltal í Evrópu, að undanskildum væntingum til þróunar EBITDA þar sem íslenskir fjármálastjórar eru mun bjartsýnni en kollegar þeirra í Evrópu. Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra jókst í samanburði við síðasta vor fyrir allar lykilstærðir og er í sögulegu hámarki fyrir EBITDA, þróun og fjárfestingar og það næsthæsta sem mælst hefur fyrir tekjur.

Markaðir og efnahagur

- Mikill meirihluti fjármálastjóra á Íslandi (88%) telur að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum. Hlutfallið er óbreytt frá því í vor.
- Hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti Seðlabankans of háa hefur aukist um 10 prósentustig frá því í vor en vextir hafa hækkað um 50 punkta á sama tíma.
- Helmingur fjármálastjóra hér á landi (50%) telur að gengi íslensku krónunnar muni haldast óbreytt á næstu sex mánuðum. Aðeins 13% telja að gengið muni veikjast. Gengisþróun krónunnar heldur áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja á Íslandi.
- Niðurstöður benda til þess að íslensk fyrirtæki muni leitast við að halda skuldsetningu óbreyttri á næstu 12 mánuðum (53%).

Óvissa og áhætta

- Tæplega fjórðungur fjármálastjóra á Íslandi (23%) telur sig standa frammi fyrir mikilli fjárhagslegri og efnahagslegri óvissu í samanburði við 64% fjármálastjóra í Evrópu. Um 63% fjármálastjóra á Íslandi telja að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé eðlileg.
- Rúmlega þriðjungur íslenskra fjármálastjóra (36%) telur að nú sé góður tími til að taka áhættu á efnahagsreikningi sem er mjög sambærilegt við meðaltal í Evrópu (37%).
- Um 40% fjármálastjóra á Íslandi telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað á síðustu þremur mánuðum í samanburði við um fjórðung (25%) í vor.
- Um 58% íslenskra fjármálastjóra stefna á hagræðingu í rekstrarkostnaði á næstu 12 mánuðum og 48% leggja áherslu á vöxt á núverandi markaði.

Loftslagsbreytingar

- Rúmlega helmingur íslenskra fyrirtækja (55%) hefur ekki sérstök áform um að draga úr losun koltvísýrings sem er sambærilegt við meðaltal í Evrópu (47%).
- Af þeim fyrirtækjum sem hafa sett sér markmið um að draga úr losun eru 46% sem ætla að ná settu markmiði fyrir 2030 og 19% sem hafa nú þegar náð settu markmiði.
- Um helmingur íslenskra fjármálastjóra segir tækifæri til að lækka rekstrarkostnað (53%) og bætt orðspor (48%) helstu hvata til aðgerða í loftslagsmálum.
- Um 69% íslenskra fjármálastjóra hafa dregið úr, eða hafa áform um að draga úr, losun innanhúss og um 47% hafa dregið úr, eða hafa áform um að draga úr, losun koltvísýrings í aðfangakeðjunni (e. supply chain) til að bregðast við loftslagsbreytingum.



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Niðurstöður



Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða



Áhætta og óvissa



Horfur og áherslur



Fjármögnun fyrirtækja



Markaðs- og efnahagslegir vísar



Loftslagsbreytingar



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Fjármálastjórar eru bjartsýnir gagnvart þróun tekna á næstu 12 mánuðum

Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Töluvert fleiri fjármálastjórar telja að tekjur muni aukast frekar en að þær dragist saman á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf gagnvart þróun tekna er jákvætt um 73% meðal íslenskra fjármálastjóra, sem er um það bil á pari við meðaltal í Evrópu (71%). Nettó viðhorfið er það hæsta sem hefur mælst frá árinu 2016.
- Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt. Í Finnlandi og Bretlandi telja yfir 90% fjármálastjóra að tekjur muni aukast á næstu 12 mánuðum.
- Á Íslandi var nettó viðhorf meðal fjármálastjóra jákvætt fyrir allar atvinnugreinar þar sem fjögur eða fleiri svör bárust (byggingariðnaður, ferðaþjónusta, fjármála- og tryggingastarfsemi, framleiðsla, sjávarútvegur og verslun og þjónusta). Allir (100%) fjármálastjórar fyrirtækja í ferðaþjónustu telja að tekjur muni aukast verulega á næstu 12 mánuðum. Við bendum á að aðgerðir vegna útbreiðslu kórónuveirufaraldursins hafa verið hertar frá því að könnunin var framkvæmd. Ekki náðist lágmarksfjöldi svara við þessari spurningu frá fjármálastjórum íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu síðasta vor* til samanburðar.



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Íslenskir fjármálastjórar bjartsýnastir gagnvart þróun EBITDA

Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun EBITDA á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 66% sem er hækkun frá því í vor þegar nettó viðhorf var jákvætt um 55%. Nettó viðhorf mældist hæst á Íslandi og er þetta jafnframt hæsta mælingin frá upphafi könnunarinnar árið 2014. Nettó viðhorf í Evrópu hefur dregist saman um 15 prósentustig frá því í vor, en nettó viðhorf er jákvætt um 20% í samanburði við 35% síðasta vor.
- Nettó viðhorf er jákvætt í flestum löndum sem tóku þátt, það er fleiri fjármálastjórar búast við aukningu frekar en samdrætti í EBITDA. Nettó viðhorf var neikvætt í tveimur löndum, Hollandi (-13%) og Bretlandi (-19%), þar hefur nettó viðhorf dregist töluvert saman frá því í vor eða um 58 prósentustig í Hollandi og 61 prósentustig í Bretlandi.
- Á Íslandi var nettó viðhorf meðal fjármálastjóra jákvætt fyrir allar atvinnugreinar þar sem fjögur eða fleiri svör bárust. Nettó viðhorf fjármálastjóra í byggingariðnaði er jákvætt um 25% í samanburði við 100% síðasta vor þegar 100% fjármálastjóra töldu að EBITDA myndi aukast á næstu 12 mánuðum. Um 90% íslenskra fjármálastjóra í framleiðslu telja að EBITDA muni aukast í samanburði við 60% síðasta vor.



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörun eru fjögur fyrirtæki eða fleiri

- Pátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður

Tengiliðir





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra gagnvart þróun fjárfestinga hefur aldrei mælst hærra

Hvernig telur þú að fjárfestingar í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf gagnvart þróun fjárfestinga á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 33% meðal íslenskra fjármálastjóra og jákvætt um 38% í Evrópu, það er fleiri fjármálastjórar telja að fjárfestingar muni aukast frekar en að þær dragist saman á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf fjármálastjóra hefur aukist í undanförunum könnunum og snúist úr því að vera neikvætt yfir í að vera jákvætt síðasta vor og hækkar aðeins áfram í haust. Nettó viðhorfið hefur aldrei mælst hærra en mælingar þess hófust á árinu 2018.
- Fjármálastjórar fyrirtækja í Bretlandi eru bjartsýnastir þar sem um 60% telja að fjárfestingar muni aukast á næstu 12 mánuðum, en fjármálastjórar í Hollandi svartsýnastir þar sem um þriðjungur (33%) telur að fjárfestingar muni dragast saman á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt og jókst frá síðasta vori í flestum tilvikum.
- Mesta bjartsýnin er í verslun og þjónustu (50%), sjávarútvegi (44%) og ferðaþjónustu (50%).



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri





Væntingar til reksturs næstu 12 mánaða

Bjartsýni fjármálastjóra til ráðninga nýrra starfsmanna hefur aldrei mælst hærri

Hvernig telur þú að starfsmannafjöldi í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra til ráðninga nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er jákvætt um 41%, það er fleiri fjármálastjórar telja að starfsmannafjöldi muni aukast frekar en að hann dragist saman á næstu 12 mánuðum. Nettó viðhorf hefur á undanförunum árum verið með því lægsta á Íslandi en er nú um það bil á pari við meðaltal í Evrópu (42%). Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra hefur aukist hratt í undanförunum könnunum, nettó viðhorf hefur aukist um 66 prósentustig frá því síðasta haust og 36 prósentustig frá því síðasta vor og hefur ekki mælst hærra frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014.
- Viðhorf gagnvart ráðningum nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum er jákvætt í öllum þeim 17 löndum sem tóku þátt í könnuninni. Fjármálastjórar fyrirtækja í Bretlandi eru bjartsýnastir þar sem um 79% telja að ráðning nýrra starfsmanna muni aukast á næstu 12 mánuðum.
- Helmingur íslenskra fjármálastjóra fyrirtækja í verslun og þjónustu eru bjartsýnir á ráðningu nýrra starfsmanna á næstu 12 mánuðum í samanburði við um 16% í vor. Íslenskir fjármálastjórar í sjávarútvegi eru einnig bjartsýnni, en þriðjungur er jákvæður gagnvart ráðningu nýrra starfsmanna í samanburði við um 10% síðasta vor. Um 25% íslenskra fjármálastjóra fyrirtækja í ferðaþjónustu telja að starfsmönnum muni fjölga lítillega og um 75% telja að starfsmönnum muni fjölga verulega. Ekki náðist lágmarksfjöldi svara við þessari spurningu frá fjármálastjórum íslenskra fyrirtækja í ferðaþjónustu síðast vor til samanburðar*.



*Aðeins er litið til þeirra atvinnugreina þar sem svörin eru fjögur fyrirtæki eða fleiri




Áhætta og óvissa


Um 64% fjármálastjóra í Evrópu telja fjárhagslega og efnahagslega óvissu vera mikla í samanburði við aðeins 23% íslenskra fjármálastjóra

- Rúmlega þriðjungur (36%) íslenskra fjármálastjóra telur að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi sem er mjög sambærilegt við niðurstöður síðasta vor (34%). Sögulega hefur áhættuvilji íslenskra fjármálastjóra mælst meðal þeirra lægstu, en er nú um það bil á pari við meðaltal í Evrópu.
- Hlutfall fjármálastjóra sem telur að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi er lægst í Tyrklandi (18%) en fjármálastjórar í Lúxemborg (53%) og Hollandi (47%) hafa mestan áhættuvilja. Nettó viðhorf er neikvætt í öllum þeim 13 löndum þar sem spurningin var lögð fyrir, að undanskildu Hollandi þar sem nettó viðhorf er jákvætt um 6%. Nettó viðhorf á Íslandi mældist neikvætt um 28% samanborið við neikvætt um 73% síðasta haust og hækkaði þannig um 45 prósentustig á milli ára.
- Um 23% fjármálastjóra á Íslandi telja fjárhagslega og efnahagslega óvissu vera mikla, sem er töluverð lækkun frá því síðasta vor þegar það mældist 40%. Í Evrópu meta 64% fjármálastjóra óvissuna mikla. Um 63% fjármálastjóra á Íslandi telja að fjárhagsleg og efnahagsleg óvissa sé eðlileg.

Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi fyrirtækis þíns?



Hvernig metur þú fjárhagslega og efnahagslega óvissu sem fyrirtæki þitt stendur frammi fyrir?



Þátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Áhætta og óvissa

Gengisþróun íslensku krónunnar áfram helsti ytri áhættuþátturinn hér á landi

Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis í dag? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)

- Gengisþróun íslensku krónunnar hefur verið nefnd sem stærsti ytri áhættuþátturinn í rekstri íslenskra fyrirtækja að mati fjármálastjóra frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014. Aðrir stórir áhættuþættir sem nefndir eru í könnuninni í haust eru efnahagslegar horfur og vaxtastig og hafa þessir þættir einnig verið ofarlega á lista síðastliðin ár.
- Textaskýringar þeirra sem völdu valmöguleikann „annað“ nefndu áhrif COVID-19, s.s. samdráttur á framboði á aðföngum og ferðavilja, sem helsta áhættuþátt.
- Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem nefna skort á hæfu starfsfólki sem ytri áhættuþátt (26%) hefur aukist um 24 prósentustig frá því síðasta haust. Einnig hefur hlutfall fjármálastjóra sem nefna óvissu tengda stjórnámálum sem ytri áhættuþátt (40%) aukist töluvert eða því sem nemur 22 prósentustigum á milli ára. Óvissan er líkleg til að tengjast kosningum til Alþingis, en þær fóru fram undir lok tímabils könnunar (25. september).

	Haust21	Vor21	Haust20	Vor20	Haust19	Vor19	Haust18
Gengisþróun íslensku krónunnar	1	1	1	1	1	1	1
Efnahagslegar horfur*	2	2	2				
Vaxtastig	3	3	3	3	2	2	2
Möguleg óvissa tengd stjórnámálum	4				4	4	5
Þróun einkaneyslu	5	4		2	3	5	4
Efnahagsástand helstu viðskiptalanda		5	4	4	5		
Skortur á hæfu starfsfólki							
Verðbólga			5	5		3	3
Skortur á fjármagni*							
Áhætta tengd netarásum							
Annað							

Haust21	Haust20	% Breyting
55%	64%	-9%
52%	55%	-3%
42%	45%	-3%
40%	18%	+22%
34%	33%	+1%
29%	38%	-9%
26%	2%	+24%
24%	35%	-11%
8%	15%	-7%
8%	11%	-3%
6%	8%	-2%

1 mikil áhersla – 5 lítil áhersla





Horfur og áherslur

Íslenskir fjármálastjórar töluvert bjartsýnni gagnvart þróun á fjárhagslegum horfum frá síðasta vori

Telur þú fjárhagslegar horfur þíns fyrirtækis hafa breyst á síðustu þremur mánuðum?

- Um 40% íslenskra fjármálastjóra telja að fjárhagslegar horfur hafi breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum, samanborið við fjórðung (25%) síðasta vor. Hlutfall þeirra sem telur að fjárhagslegar horfur hafi versnað hefur aldrei mælst eins lágt (3%) frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014.
- Nettó viðhorf íslenskra fjármálastjóra mældist jákvætt um 37%, það er fleiri fjármálastjórar telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað frekar en versnað og hefur nettó viðhorf hækkað um 21 prósentustig frá því í vor. Um 46% fjármálastjóra í Evrópu telja að fjárhagslegar horfur hafi breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum. Nettó viðhorf er jákvætt í öllum löndum sem tóku þátt í könnuninni en nettó viðhorf hefur þó dregist saman um 11 prósentustig frá því í vor eða úr 43% í 32%.
- Á Íslandi hefur bjartsýni aukist nokkuð hjá fyrirtækjum í verslun og þjónustu þar sem um 36% telja að fjárhagslegar horfur hafi batnað nokkuð á síðustu þremur mánuðum í samanburði við um fimmtung (21%) síðasta vor. Sömuleiðis horfa fyrirtæki í sjávarútvegi bjartari augum á framtíðina nú í samanburði við síðasta vor þar sem þriðjungur (33%) telur horfur hafa batnað nokkuð í samanburði við fimmtung (20%) síðasta vor. Helmingur fjármálastjóra í ferðaþjónustu telur að fjárhagslegar horfur hafi batnað verulega á síðustu þremur mánuðum og um 25% telja þær hafa batnað nokkuð. Við bendum á að aðgerðir vegna útbreiðslu kórónaveirufaraldursins hafa verið hertar frá því könnunin var framkvæmd.



Horfur og áherslur

Íslenskir fjármálastjórar leggja áherslu á hagræðingu í rekstri og vöxt á núverandi markaði

Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)

- Á Íslandi hafa efstu fjórir áherslupættir verið óbreyttir í síðustu fjórum könnunum, en röðunin breyst lítillega. Mest áhersla hefur verið lögð á hagræðingu í rekstrarkostnaði frá því að könnunin var fyrst framkvæmd haustið 2014. Í Evrópu var áhersla á hagræðingu í rekstrarkostnaði meðal fimm efstu áherslupátta í 11 af 16 löndum (þessi spurning var ekki lögð fyrir í Sviss), en aðeins á Íslandi og í Tyrklandi er áherslupátturinn efstur. Í sex löndum er áhersla á stafrænar lausnir efsti áherslupátturinn og er meðal fimm efstu í 10 af 16 löndum.
- Hlutfall íslenskra fjármálastjóra sem ætla að leggja áherslu á þróun mannauðs mældist 35% sem er töluvert hærra en áður. Valmöguleikanum var bætt við vorið 2020 og var hlutfallið þá um 16%.

	Haust21	Vor21	Haust20	Vor20	Haust19	Vor19	Haust18
Hagræðing í rekstrarkostnaði	1	1	1	1	1	1	1
Vöxt á núverandi markaði*	2	3	3	4			
Stækka fyrirtækið með innri vexti	3	4	4	3	3	2	2
Stafrænar lausnir*	4	2	2	2			
Þróun mannauðs*	5						
Kynna nýja vörur/þjónustu					4-5	5	3
Auka sjóðstreymi		5	5		2	3	4
Auka fjárfestingar							
Stækka fyrirtækið með ytri vexti							
Minnka skuldsetningu				5	4-5	4	5
Fara inn á nýja markaði							
Auka arðgreiðslur eða kaupa eigin bréf							
Sala eigna							
Ekkert af ofangreindu							

Haust21	Haust20	% Breyting
58%	79%	-21%
48%	39%	+9%
47%	33%	+14%
39%	45%	-6%
35%	20%	+15%
31%	26%	+5%
29%	27%	+2%
26%	15%	+11%
23%	15%	+8%
16%	23%	-7%
16%	20%	-4%
8%	6%	+2%
3%	11%	-8%
0%	0%	0%

1 mikil áhersla – 5 lítil áhersla



*Nýr valmöguleiki vor 2020




Fjármögnun fyrirtækja

Íslenskir fjármálastjórar telja innri fjármögnun og lántöku hjá bönkum vera hagkvæmstu kosti fjármögnunar


Hvernig metur þú lántöku hjá bönkum, útgáfu skuldabréfa, útgáfu hlutfjár og innri fjármögnun sem fjármögnunarkosti við fjármögnun þíns fyrirtækis?

- Um 61% íslenskra fjármálastjóra telja lántöku hjá bönkum hagkvæma á meðan 10% telja hana óhagkvæma, sem er mjög sambærilegt við niðurstöður síðasta vor. Í Evrópu telja 66% fjármálastjóra lántöku hjá bönkum hagkvæma og er hún þar að auki talin vera hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af þeim fjórum fjármögnunarleiðum sem spurt var um.
- Innri fjármögnun hefur verið álitin hagkvæmasta fjármögnunarleiðin af fjármálastjórum hérlandis frá því að fyrst var spurt um hagkvæmni þessara fjögurra fjármögnunarkosta vorið 2018. Lántaka hjá bönkum er álitin næst hagkvæmasta fjármögnunarleiðin, aðeins munar 5 prósentustigum á milli þessara tveggja kosta.
- Aðeins 15% íslenskra fjármálastjóra telja útgáfu hlutfjár vera hagkvæma í samanburði við 35% fjármálastjóra í Evrópu.


Lántaka hjá bönkum




Útgáfa skuldabréfa



Útgáfa hlutfjár



Innri fjármögnun



■ Hagkvæm
 ■ Hvorki né
 ■ Óhagkvæm



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




Fjármögnun fyrirtækja


Hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa fer hækkandi

- Viðhorf íslenskra fjármálastjóra til stýrivaxta Seðlabankans helst í hendur við sögulega þróun vaxtastigs. Undanfarin ár hefur stór meirihluti fjármálastjóra á Íslandi talið stýrivexti Seðlabankans of háa en hlutfallið fór hratt lækkandi í kjölfar stýrivaxtalækkana. Þegar könnunin var framkvæmd voru stýrivextir 1,25% og höfðu hækkað um 50 punkta frá síðustu könnun. Frá því könnunin var framkvæmd hafa stýrivextir haldið áfram að hækka og eru nú 2,0%.
- Hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti of háa hefur hækkað um 10 prósentustig frá því í vor, úr 5% í 15%.
- Um 53% íslenskra fyrirtækja stefna á að halda skuldsetningu óbreyttri. Rúmlega fjórðungur (26%) stefnir á að draga verulega eða nokkuð úr skuldsetningu. Aukning er frá síðasta vori á hlutfalli þeirra fjármálastjóra sem vilja auka skuldsetningu síns fyrirtækis, úr 6% í 20%.


Hvert er markmið þitt þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



Hlutfall fjármálastjóra sem telur stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



Sögulegt hlutfall fjármálastjóra með markmið um að auka skuldsetningu



- Pátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður
- Tengiliðir




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Meirihluti fjármálastjóra telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum

- Meirihluti íslenskra fjármálastjóra (72%) telur að hlutabréfaverð muni hækka nokkuð eða hækka verulega á innlendum markaði á næstu sex mánuðum. Væntingar um hækkanir hafa aukist um 21 prósentustig frá síðasta hausti.
- Um 88% fjármálastjóra búast við auknum hagvexti á næstu tveimur árum. Hlutfallið er óbreytt frá því í vor.
- Helmingur fjármálastjóra (50%) telur að gengi krónunnar muni haldast óbreytt á næstu sex mánuðum. Aðeins 2% telja að gengið muni styrkjast verulega. Hlutfall þeirra sem telja að gengið muni veikjast hefur lækkað talsvert frá síðasta hausti eða um 21 prósentustig.
- Að meðaltali búast íslenskir fjármálastjórar við að verðbólga á Íslandi verði töluvert yfir verðbólgu marki Seðlabanka Íslands eða að meðaltali 3,9% á næstu 12 mánuðum og 1,7% að meðaltali á Evrusvæðinu. Að meðaltali búast fjármálastjórar í Evrópu við að verðbólga á Evrusvæðinu verði 2,8% á næstu 12 mánuðum.


Hlutfall fjármálastjóra sem telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum



Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMX10 vísitöluna eftir sex mánuði?



Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




Markaðs- og efnahagslegir vísar


Meirihluti íslenskra fjármálastjóra hefur engar áætlanir um erlendar fjárfestingar

- Meirihluti fjármálastjóra héraðs hefur engar fyrirætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum (86%) sem er mjög sambærilegt við niðurstöður frá síðasta hausti (88%).
- Um 14% íslenskra fjármálastjóra hafa fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum héraðs undanfarna sex mánuði og jókst sú prósentu frá 9% síðasta haust.

Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?



Hefur fyrirtækið þitt fundið fyrir auknum áhuga erlendra fjárfesta á fjárfestingum héraðs undanfarna sex mánuði?



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir




Loftslagsbreytingar


Aðeins um 45% íslenskra fyrirtækja hafa áform um að draga úr losun koltvísýrings, um fimmtungur þeirra fyrirtækja hefur nú þegar náð settu markmiði

- Rúmlega helmingur (55%) íslenskra fjármálastjóra og tæplega helmingur (47%) fjármálastjóra í Evrópu hefur ekki sérstök áform um að draga úr losun koltvísýrings eða vita ekki hvort fyrirtækið hafi áform um að draga úr losun.
- Um 17% íslenskra fyrirtækja hafa sett sér markmið um að vera kolefnishlutlaus, 8% ætla að draga losun saman um 50% eða meira og 20% ætla að draga losun saman um allt að 50%. Af þeim fyrirtækjum sem hafa sett sér markmið um að vera kolefnishlutlaus hafa um 80% nú þegar náð settu markmiði.
- Af þeim fyrirtækjum sem hafa sett sér markmið um að draga úr losun eru um 15% íslenskra fyrirtækja og 17% fyrirtækja í Evrópu sem hafa ekki sett sér sérstakan tímaramma til að ná settu markmiði.

Hefur fyrirtækið þitt áform um að draga úr losun koltvísýrings (e. carbon emission)?



Hvenær er áætlað að ná settu markmiði um að draga úr losun?




- Pátttakendur
- Samantekt
- Niðurstöður
- Tengiliðir



Loftslagsbreytingar

Tækifæri til lækkunar kostnaðar og bætt orðspor helstu hvatar til aðgerða í loftslagsmálum

Hvað af eftirfarandi er hvati til aðgerða í loftslagsmálum hjá þínu fyrirtæki? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)



- Rúmlega helmingur (53%) íslenskra fjármálastjóra sjá tækifæri til lækkunar kostnaðar sem hvata til aðgerða í loftslagsmálum. Í Evrópu mælist bætt orðspor og traust viðskiptavina hæst (49%), sem er sambærilegt við niðurstöður á Íslandi (48%).
- Um þriðjungur fjármálastjóra, bæði á Íslandi og í Evrópu, telja kröfur núverandi og/eða væntanlegra reglugerða, sem og kröfur neytenda vera hvata til aðgerða í loftslagsmálum.
- Um 11% fyrirtækja á Íslandi og um 12% fyrirtækja í Evrópu hafa ekki farið í neinar loftslagsaðgerðir.


Pátttakendur
 Samantekt
 Niðurstöður
 Tengiliður







Loftslagsbreytingar

Um fimmtungur íslenskra fyrirtækja hefur ekki farið í, eða hefur ekki uppi áætlanir um að fara í, aðgerðir til að draga úr eða bregðast við loftslagsbreytingum

Hefur fyrirtækið þitt farið í, eða hefur uppi áætlanir um að fara í, eftirfarandi aðgerðir til að draga úr eða bregðast við loftslagsbreytingum? (Merkja mátti við fleiri en einn valkost)



- Um 69% íslenskra fjármálastjóra hafa dregið úr, eða hafa uppi áætlanir um að draga úr losun innanhúss til að draga úr eða bregðast við loftslagsbreytingum.
- Af þeim fyrirtækjum sem ekki hafa sett sér markmið um að draga úr losun koltvísýrings (spurning bls. 22) hafa um 62% farið í, eða hafa uppi áætlanir um að fara í, eina eða fleiri af þeim aðgerðum sem listaðar eru upp í grafinu hér til hliðar. Um 42% af þessum fyrirtækjum ætla að draga úr losun innanhúss og um 24% ætla að draga úr kolefnislosun í aðfangakeðjunni.
- Um 42% íslenskra fyrirtækja hafa, eða hafa uppi áætlanir um að kolefnisjafna rekstur sinn, samanborið við aðeins 14% fyrirtækja í Evrópu.

 Pátttakendur
 Samantekt
 Niðurstöður
 Tengiliðir



Tengiliðir

A network diagram with several blue and green circular nodes connected by solid and dashed lines. The word 'Tengiliðir' is overlaid on the diagram.

Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir



Tengiliðir

Fyrir nánari upplýsingar



Ábyrgðaraðili:

Lovísa A. Finnbjörnsdóttir
Meðeigandi, sviðsstjóri Fjármálaráðgjafar


Sími: 770-4942
lovisa@deloitte.is



Tengiliður:

Hilma Jónsdóttir
Sérfræðingur í Viðskipta- og markaðstengslum

Sími: 867-7902
hijonsdottir@deloitte.is



Pátttakendur



Samantekt



Niðurstöður



Tengiliðir





Deloitte vísar til eins eða fleiri aðildarfélaga innan Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“) og tengdra félaga þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félög eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyzi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; www.deloitte.com/about.

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, tækni- og stefnumótunarráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landssvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 330.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu. Deloitte ehf. er hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“).

Þessar upplýsingar eru almenns eðlis og eru Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“), alþjóðlegt net aðildarfélaga þess og tengd félög þeirra (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“) ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu við veitingu þeirra. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti.

Engar yfirlýsingar, ábyrgðir eða skuldbindingar (sem lýst er yfir eða gefnar eru í skyn) eru gefnar um hversu nákvæmar eða fullnægjandi upplýsingarnar sem veittar eru í þessum samskiptum eru, og DTTL, aðildarfélög þess, tengd félög, starfsmenn eða aðrir fulltrúar skulu ekki vera gerð ábyrg fyrir hverskyns tjóni sem kann að verða beint eða óbeint hjá þeim sem reiðir sig á þessar upplýsingar. DTTL, hvert aðildarfélag þess, og tengd félag, eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir aðilar.

© 2021 Deloitte ehf. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte ehf.